

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skólann á Möðruvöllum.* **53**
 — Með þessu brjefi sendi ráðgjafinn óttírt eptir samningi, er hann hafði gjört sama **26. febr.**
 dag við Tryggva alþingismann Gunnarsson, um að byggja hús fyrir skóla þann á Möðru-
 völlum, er getur um í lögum 14. desember 1877, og gat hann þess, að með því lögum
 virtust gjöra ráð fyrir því, að búfrœðingur sá, er þau geta um, búi á jörðinni Möðru-
 völlum, hafi ekki þótt nauðsynlegt, að láta vera fleiri herbergi í skólahúsinu, en Klentz
 timburmeistari hefði stungið upp á.

Húsið á að vera 30 $\frac{1}{4}$ al. langt 13 $\frac{2}{3}$ al. breitt og 11 $\frac{3}{4}$ al. hátt með hellupaki,
 tvíloftað, múrað í bindinginn og klætt að utan með borðum. Undir neðraloptinu 3
 íbúðarherbergi, eldhús og búr, 2 kennslustofur og dyr. Undir efraloptinu 2 kennslustofur
 2 svefnhús og framloft. Undir húsinu á að vera kjallari, minnst 6 álna langur og
 breiður og 3 álna hár. Tryggvi alþingismaður hefir skuldbundið sig til að koma upp
 húsi þessu að öllu leyti innan 1. dags desbrm. þ. á. fyrir 27,400 kr.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skírn á börnum* **54**
 mormóna. — Út af því að 2 mormónar á Vestmannaeyjum hafa neitað að láta **12. marz.**
 skíra börn sín, nema því að eins, að þeim verði skipað það samkvæmt lögum, hafið þjer,
 herra landshöfðingi í þóknanlegu brjefi frá 5. október f. á. og út af fyrirspurnum, er þar
 um hafa komið frá biskupi, skotið því til úrlausnar ráðgjafans, hvernig eigi að fara að í
 þessu tilfelli.

Fyrir því er eigi látið hjálíða að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari
 birtingar, að þegar báðir foreldrarnir eru mormónar og óska ekki að láta skíra börn sín,
 verði þau, að álitum ráðgjafans, ekki skylduð til þess. Þar á móti ber að leggja fyrir þá
 að gefa hlutaðeigandi prest skýrslu um fœðingardaga barnanna og nöfn þeirra.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* **55**
 landhelgisbrot ensks fiskiskips. — Með þessu brjefi var skýrt frá borg- **31. marz.**
 un ávísunar, er formaður ensks fiskiskips hafði gefið út á útgjörðarmenn skipsins fyrir
 200 kr. sekt, er nefndur formaður hafði verið dæmdur í með dómi sýslumannsins¹ í
 Suður-Múlasýslu frá 28. ágúst f. á.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um viðgjörð við kirkju.* **56**
 — Jafnframt því að senda erindi amtmannsins yfir suðurumdæminu með 2 fylgiskjöllum, **17. apríl.**
 hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 9. janúar þ.á. lagt það til, að leyft

1) Í skýrslu sýslumannsins 4. september 1878 um málið, segir meðal annars: „Þegar her-
 skipið Fylla kom hingað 27. f. m. hafði hún með sjer enska fiskiduggu að nafni „Cleaner“ L. O. 208.
 skipstjóri William Hemmings, sem hún hafði tekið fiskandi í landhelgi; var svo höfðað lögreglumál gegn
 skipstjórnum; kannaðist hann og fólk við, að þeir hefðu fiskað í landhelgi, en báru fyrir sig, að sjer
 hefði ekki verið kunnugt að slíkt væri óleyfilegt. Var svo skipstjóri dæmdur til að borga 200 kr. í sekt
 til landssjóðs.

Hinn 23. maí 1879.